

22

Kjósarveitur ehf.  
Ársreikningur 2023

Kjósarveitur ehf.  
Ásgarði  
276 Kjós

Kt. 590115-1340

2

## Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	7
Skýringar .....	8

Per  
G.D

## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Starfsemi félagsins felst í byggingu og rekstri hitaveitu í Kjósarhreppi, frá borholum í landi Möðruvalla í Kjós svo og annarra borhola sem félagið gæti átt nýtingarleyfi á.

Rekstrartekjur félagsins námu 98,7 millj. kr. á árinu 2023 og lækkuðu um 13,6 millj. kr. milli ára eða um 12%. Tap félagsins á árinu 2023 nam 24,5 millj. kr. (2022: 10,7 millj. kr. )

Eigið fé félagsins í árslok nam 53,0 millj. kr. (2022: 77,5 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 168,0 millj. kr. Óheimilt er að úthluta arði til hluthafa á árinu 2024, en vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 0,9 (2022: 0,8).

Hlutafé er að fullu í eigu Kjósarhrepps í árslok líkt og í ársbyrjun.

Stjórn og framkvæmdastjóri Kjósarveitna ehf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2023 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Kjósarhreppi, ~~23. apríl~~ 2024

14 MAÍ 2024

Stjórn:



Jóhanna Hreiðsd.  
Lárusdóttir

Framkvæmdastjóri:

Axel J. Hannsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til veitustjórnar og eiganda Kjósarveitna ehf.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Kjósarveitna („hitaveitan“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymsifyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu hitaveitunnar 31. desember 2023 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð hitaveitunni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og víðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð veitustjórnar og veitustjóra á ársreikningnum

Veitustjórn og veitustjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber veitustjórn og veitustjóra að leggja mat á rekstarhæfi hitaveitunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa hitaveituna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Veitustjórn og veitustjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og víðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja víðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits hitaveitunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu víðeigandi.

## Aritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun veitustjórnar og veitustjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi hitaveitunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert hitaveituna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum veitustjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu veitustjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 23. apríl 2024.

**KPMG ehf.**

## Rekstrarreikningur árið 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Rekstrartekjur</b>			
Tengigjöld .....		16.947.651	38.706.678
Selt vatn .....		79.477.194	71.300.052
Aðrar tekjur .....		2.231.882	2.270.691
		<u>98.656.727</u>	<u>112.277.421</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Kostnaður vegna tenginga .....		7.252.310	19.353.339
Laun og launatengd gjöld .....	8	23.498.095	15.545.993
Annar rekstrarkostnaður .....		34.824.702	28.491.989
Afskriftir .....	9	14.054.038	14.054.038
		<u>79.629.145</u>	<u>77.445.359</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....		19.027.582	34.832.062
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur .....		1.290.731	273.270
Vaxtagjöld .....		( 44.799.278)	( 45.761.418)
		<u>( 43.508.547)</u>	<u>( 45.488.148)</u>
<b>Tap ársins .....</b>	12	<u>( 24.480.965)</u>	<u>( 10.656.086)</u>



## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	9	480.425.978	487.667.520
Fastafjármunir		<u>480.425.978</u>	<u>487.667.520</u>
Viðskiptakröfur .....		7.563.697	30.562.767
Aðrar skammtímakröfur .....		541.691	315.005
Handbært fé .....		24.346.765	5.709.422
Veltufjármunir		<u>32.452.153</u>	<u>36.587.194</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>512.878.131</u>	<u>524.254.714</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	11	168.000.000	168.000.000
Ójafnað eigið fé .....		( 115.006.548)	( 90.525.583)
Eigið fé	12	<u>52.993.452</u>	<u>77.474.417</u>
<b>Skuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	13	371.539.217	375.834.859
Langtímaskuldir		<u>371.539.217</u>	<u>375.834.859</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	13	37.832.149	37.663.535
Viðskiptaskuldir .....		4.473.354	3.433.847
Skuldir við tengda aðila .....	15	41.842.039	26.200.088
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		0	1.263.129
Aðrar skammtímaskuldir .....		4.197.920	2.384.839
Skammtímaskuldir		<u>88.345.462</u>	<u>70.945.438</u>
Skuldir samtals		<u>459.884.679</u>	<u>446.780.297</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>512.878.131</u>	<u>524.254.714</u>

Handwritten blue signature or initials.

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tap ársins .....	12	( 24.480.965)	( 10.656.086)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	9	14.054.038	14.054.038
Áfallnar verðbætur og gengismunur langtímalána .....		31.807.972	36.724.250
Veltufé frá rekstri		21.381.045	40.122.202
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) .....		22.772.384	( 18.099.841)
Skammtímaskuldir, hækkun .....		1.589.459	1.877.150
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		24.361.843	( 16.222.691)
Handbært fé frá rekstri		45.742.888	23.899.511
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	9	( 6.812.496)	( 11.917.912)
Fjárfestingarhreyfingar		( 6.812.496)	( 11.917.912)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....		( 35.935.000)	( 32.439.214)
Skuldir við tengda aðila, breyting .....		15.641.951	0
Fjármögnunarhreyfingar		( 20.293.049)	( 32.439.214)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		18.637.343	( 20.457.615)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		5.709.422	26.167.037
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		24.346.765	5.709.422





# Skýringar

## 1. Félagið

Kjósarveitur ehf. („Félagið“) er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Ásgarði í Kjós í Mosfellsbæ. Starfsemi félagsins felst í byggingu og rekstri hitaveitu í Kjósarhreppi, frá borholum í landi Möðruvalla í Kjós svo og annarra borhola sem félagið gæti átt nýtingarleyfi á.

## Reikningsskilaaðferðir

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 3. Innlaun tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda, sem alla jafna er við afhendingu vara. Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörstegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörinni verði mögulega skilað.

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Bifreiðar .....	25 ár
Vélar, áhöld og tæki .....	25 - 40 ár

## 5. Skatteign

Skatteign félagsins er reiknuð en ekki færð í ársreikninginn vegna óvissu um nýtingu hennar í framtíðinni. Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum tekjuskatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi.

## 6. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

## 7. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

## 8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2023	2022
Laun .....	15.335.112	12.313.362
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	2.067.996	1.594.516
Önnur launatengd gjöld .....	3.598.987	925.615
Ökutækjastyrkur .....	2.496.000	712.500
Laun og launatengd gjöld samtals .....	23.498.095	15.545.993
Ársverk .....	1	0,8

Handwritten initials and signature in the bottom right corner.

AX

## Skýringar

### 9. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Fasteignir	Borhola, lagnir og tengivirki	Samtals
Heildarverð 1.1.2022.....	35.000.000	502.514.351	537.514.351
Viðbót á árinu .....	0	11.917.912	11.917.912
Heildarverð 31.12.2022.....	35.000.000	514.432.263	549.432.263
Viðbót á árinu .....	0	6.812.496	6.812.496
Heildarverð 31.12.2023.....	35.000.000	521.244.759	556.244.759
Afskrifað samtals 1.1.2022.....	0	47.710.705	47.710.705
Afskriftir ársins .....	0	14.054.038	14.054.038
Afskrifað samtals 31.12.2022.....	0	61.764.743	61.764.743
Afskriftir ársins .....	0	14.054.038	14.054.038
Afskrifað samtals 31.12.2023.....	0	75.818.781	75.818.781
Bókfært verð 31.12.2022.....	35.000.000	452.667.520	487.667.520
Bókfært verð 31.12.2023.....	35.000.000	445.425.978	480.425.978
Afskriftahlutföll .....	0%	3%-4%	

### Fasteignamat og váttryggingarverðmæti

Fasteignamat og váttryggingarverðmæti greinist þannig:

	Fasteignamat	Brunabótamat	Váttryggingarverðmæti
Fasteignir .....	18.720.000	66.270.000	0
Vélar, áhöld og tæki .....			5.558.274
Samtals .....	18.720.000	66.270.000	5.558.274

### 10. Skatteign

Skatteign skiptist þannig í árslok:

	2023	2022
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	( 53.700.357)	( 91.140.753)
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	76.669.866	125.126.182
Niðurfærsla skatteignar .....	( 22.969.509)	( 33.985.429)
Skatteign í árslok .....	0	0

### 11. Hlutfé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er 168,0 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

### 12. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2022.....	168.000.000	( 79.869.497)	88.130.503
Tap ársins .....	0	( 10.656.086)	( 10.656.086)
Eigið fé 31.12.2022.....	168.000.000	( 90.525.583)	77.474.417
Tap ársins .....	0	( 24.480.965)	( 24.480.965)
Eigið fé 31.12.2023.....	168.000.000	( 115.006.548)	52.993.452

PK AD

# Skýringar

## 13. Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir greinast þannig:	2023	2022
Verðtryggðar skuldir í ISK .....	409.371.366	413.498.394
Skuldir við lánastofnanir samtals .....	409.371.366	413.498.394
Næsta árs afborganir langtímalána .....	( 37.832.149)	( 37.663.535)
Skuldir við lánastofnanir samkvæmt efnahagsreikningi .....	371.539.217	375.834.859

Til tryggingar skuldum hefur eigandi Kjósarveitna ehf., Kjósarhreppur, veitt einfalda ábyrgð á verðtryggðar skuldir félagsins og veðsett framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og útsvarstekjur.

Afborganir skulda við lánastofnanir greinast þannig á næstu ár:

Afborganir árið 2024/2023 .....	37.832.149	37.663.535
Afborganir árið 2025/2024 .....	38.452.258	37.663.535
Afborganir árið 2026/2025 .....	39.088.594	37.663.535
Afborganir árið 2027/2026 .....	39.741.584	37.663.535
Afborganir árið 2028/2027 .....	40.411.661	37.663.535
Síðar .....	213.845.120	225.180.719
Afborganir langtímalána samtals .....	409.371.366	413.498.394

## 14. Yfirfæranlegt skattalegt tap

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2023 nam 383,3 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því að það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2023 er nýtanlegt sem hér segir:

	2023	2022
Skattalegt tap ársins 2015, nýtanlegt til ársloka 2025 .....	5.089.272	5.089.272
Skattalegt tap ársins 2016, nýtanlegt til ársloka 2026 .....	20.482.081	20.482.081
Skattalegt tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027 .....	65.760.567	65.760.567
Skattalegt tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028 .....	63.158.789	63.158.789
Skattalegt tap ársins 2019, nýtanlegt til ársloka 2029 .....	49.504.235	49.504.235
Skattalegt tap ársins 2020, nýtanlegt til ársloka 2030 .....	48.312.960	48.312.960
Skattalegt tap ársins 2021, nýtanlegt til ársloka 2031 .....	33.519.287	33.519.287
Skattalegt tap ársins 2022, nýtanlegt til ársloka 2032 .....	46.955.208	46.955.208
Skattalegt tap ársins 2023, nýtanlegt til ársloka 2033 .....	50.566.930	
Ójafnað skattalegt tap samtals .....	383.349.329	332.782.399

PA 60

KPMG ehf.  
Austurvegi 4  
800 Selfoss

14. maí 2024

Staðfestingarbréf þetta er skrifað í tengslum við endurskoðun ykkar og áritun á ársreikning Kjósarveitna ehf. fyrir árið 2023, í þeim tilgangi að gefa álit á því hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga.

Ársreikningurinn sem endurskoðun ykkar tekur til hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við staðfestum þann skilning okkar að skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra sem fylgir ársreikningnum fellur ekki undir gildissvið endurskoðunar ykkar, en við staðfestum samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Við staðfestum að þær yfirlýsingar sem við gefum í þessu bréfi eru í samræmi við skilgreiningar sem settar eru fram í viðauka við bréfið.

Við staðfestum eftirfarandi samkvæmt okkar bestu þekkingu og vitund eftir að hafa aflað okkur nauðsynlegra upplýsinga:

#### Ársreikningur

1. Við höfum uppfyllt ábyrgð okkar og skyldur eins og þær koma fram í bréfi um endurskoðun, dagsett 5. Janúar 2024, um gerð og framsetningu ársreikningsins þannig að hann gefi glögga mynd í samræmi við lög um ársreikninga.
2. Aðferðirnar, gögnin og mikilvægu forsendurnar sem liggja til grundvallar reikningshaldslegu mati og tengdum skýringum eru viðeigandi til að skráning, mat og skýringar séu í samræmi við lög um ársreikninga.
3. Við gerð ársreikningsins hefur verið tekið tillit til allra atburða sem hafa orðið eftir lok reikningsársins með þeim hætti sem lög um ársreikninga gera kröfu um og viðeigandi leiðréttingar gerðar eða upplýsingar veittar, eftir því sem við á.
4. Áhrif óleiðréttra skekkja, hverrar fyrir sig eða samanlagðra, á ársreikninginn í heild eru óveruleg. Gerð er grein fyrir óleiðréttum skekkjum í meðfylgjandi yfirliti.

#### Veittar upplýsingar

5. Við höfum veitt ykkur
  - aðgang að öllum upplýsingum sem okkur er kunnugt um og varða gerð ársreikningsins, svo sem bókhaldsgögnum, skjölum og öðrum gögnum,
  - viðbótarupplýsingar sem þið hafið óskað eftir frá okkur í tengslum við endurskoðunina og

- óheftan aðgang að starfsfólki félagsins sem þið hafið talið nauðsynlegt að hafa samskipti við í tengslum við öflun endurskoðunargagna. (ISA 580.11(a))
6. Öll viðskipti hafa verið skráð í bókhaldi og endurspeglast í ársreikningnum. (ISA 580.11(b))
7. Við staðfestum eftirfarandi:

- i) Við höfum greint ykkur frá niðurstöðum mats okkar í tengslum við hættu á að sviksemi hafi leitt til verulegra rangfærslna í ársreikningi félagsins.

Í viðauka með bréfi þessu eru skilgreiningar á sviksemi, þar á meðal rangfærslur sem verða vegna sviksamlegra aðferða í reikningskilum félagsins og vegna þess að misfarið er með eignir.

- ii) Við höfum veitt ykkur allar upplýsingar um eftirfarandi:

- a) Það eru engin merki um sviksemi eða grunur um sviksemi sem áhrif hefur á ársreikning félagsins að því er varðar

- stjórnendur,
- starfsmenn sem gegna mikilvægum hlutverkum í innra eftirliti eða
- aðra aðila þar sem sviksemi gæti haft veruleg áhrif á ársreikninginn. (ISA 240.39(c))

- b) Við höfum ekki fengið neinar upplýsingar um ásakanir eða grun um sviksemi sem áhrif hafa á ársreikning félagsins frá starfsmönnum, fyrrverandi starfsmönnum, greiningaraðilum, eftirlitsaðilum eða öðrum.

Í tengslum við framangreint gerum við okkur grein fyrir ábyrgð okkar á því innra eftirliti sem við teljum nauðsynlegt til að gera ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða skekkja. Sérstaklega staðfestum við ábyrgð okkar á því að skipuleggja, innleiða og viðhalda viðeigandi innra eftirliti í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og upplýsa um sviksemi eða skekkjur.

8. Ekki er um að ræða nein þekkt brot eða grun um brot á lögum eða reglum sem leitt gætu til atburða sem taka ætti tillit til við gerð ársreikningsins. Ekki er heldur um að ræða neinar þekktar yfirstandandi eða yfirvofandi málssóknir eða kröfur á félagið sem meta skal við gerð ársreikninga í samræmi við lög um ársreikninga.
9. Við höfum veitt ykkur allar upplýsingar um tengda aðila félagsins og öll tengsl tengdra aðila og viðskipti sem okkur er kunnugt um og gerð hefur verið grein fyrir öllum tengslum tengdra aðila og viðskiptum í samræmi við lög um ársreikninga.

Í viðauka við bréf þetta koma fram skilgreiningar á tengdum aðilum og viðskiptum tengdra aðila eins og við skiljum þær og eins og þær eru skilgreindar í IAS 24.

Virðingarfyllt,

Kjósarveitur ehf.



Axel Jóhannsson, framkvæmdastjóri

## Viðauki við staðfestingarbréf stjórnenda Kjósarveitna ehf.

### Skilgreiningar

*Eftirfarandi skilgreiningar byggja fyrst og fremst á alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA) eða skilgreiningum alþjóðlegra samtaka endurskoðenda (IFAC Glossary of Terms, m.t.t. ákvæða í lögum um ársreikninga.*

### Ársreikningur

Í IAS 1.10 er tekið fram að ársreikningur samanstandi af

- (a) efnahagsreikningi / yfirliti um fjárhagsstöðu í lok tímabilsins,
- (b) rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu fyrir tímabilið,
- (c) eiginfjáryfirliti fyrir tímabilið,
- (d) sjóðstreymisyfirliti fyrir tímabilið,
- (e) skýringum með upplýsingum um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar upplýsingar,
- (f) samanburðarupplýsingum fyrir fyrra tímabil eins og tilgreint er í greinum 38 og 38A,
- (g) efnahagsreikningi / yfirliti um fjárhagsstöðu í byrjun viðkomandi samanburðartímabils þegar eining beitir reikningsskilaaðferð með afturvirkum hætti eða breytir samanburðarupplýsingum vegna fyrra árs í ársreikningi, eða þegar liðir í ársreikningi eru endurflokkaðir í samræmi við greinar 40A–40D.

### Mikilvæg/veruleg atriði

Í staðfestingarbréfinu kemur fram að tiltekna staðfestingar nái aðeins til atriða sem eru mikilvæg/veruleg.

Atriði eru mikilvæg ef það verður með sanngjörnum hætti talið hafa áhrif á ákvarðanir aðalnotenda ársreiknings um fjárhagsleg atriði á grundvelli ársreiknings viðkomandi félags að fella þau brott, rangfæra eða gera þau óskýr.

Mikilvægi veltur á eðli og/eða umfangi upplýsinganna. Félag metur hvort atriði, annað hvort hvert fyrir sig eða með öðrum upplýsingum, sé verulegt í sambengi við ársreikninginn í heild sinni.

Atriði eru talin óskýr ef þau eru sett fram á þann hátt að það hafi áþekk áhrif fyrir aðalnotendur ársreiknings að fella þau brott eða rangfæra. Eftirfarandi eru dæmi um atvik sem geta verið talin leiða til þess að mikilvæg atriði verði talin óskýr:

- a) Upplýsingar um mikilvægt atriði, viðskipti eða annan atburð eru veittar í ársreikningnum en orðalagið sem er notað er óákveðið eða óljóst.
- b) Upplýsingar um mikilvægt atriði, viðskipti eða annan atburð eru dreifðar um ársreikninginn.
- c) Ólík atriði, viðskipti eða aðrir atburðir eru með óviðeigandi hætti lagðir saman.
- d) Lík atriði, viðskipti eða aðrir atburðir eru með óviðeigandi hætti sundurgreindir.
- e) Dregið er úr skýrleika ársreikningsins vegna þess að mikilvægum upplýsingum er leynt með því að setja fram lítillvægar upplýsingar að því marki að aðalnotandi getur ekki lagt mat á hvaða upplýsingar eru mikilvægar.

Við mat á hvort upplýsingar verði með sanngjörnum hætti taldar geta haft áhrif á ákvarðanir aðalnotenda ársreiknings um fjárhagsleg atriði á grundvelli ársreiknings viðkomandi félags, skal félagið hafa í huga einkenni þeirra notenda og jafnframt aðstæður viðkomandi félags.

Margir núverandi og væntanlegir fjárfestar, lánveitendur eða aðrir lánardrottinnar geta ekki gert kröfu um að félag sendi þeim upplýsingar beint og þurfa að reiða sig á ársreikning varðandi þær fjárhagslegu upplýsingar sem þeir þurfa. Þar af leiðandi teljast þeir vera aðalnotendur sem ársreikningurinn beinist að. Ársreikningur er gerður fyrir notendur sem hafa hæfilega þekkingu á viðskiptum og efnahagsstarfsemi og sem skoða og greina upplýsingarnar af kostgæfni. Stundum kunna jafnvel vel upplýstir og varkárir notendur að þurfa að leita aðstoðar sérfræðinga til að skilja upplýsingar um flókin efnahagsleg fyrirbæri.

### **Sviksemi**

Sviksamleg reikningsskil ná yfir vísvitandi rangfærslur, þar á meðal að fjárhæðum eða upplýsingum er af ásettu ráði sleppt í ársreikningnum í þeim tilgangi að blekkja notendur reikningsskilanna.

Það að misfarið er með eignir félagsins nær til þjófnaðar á eignum, sem oft fylgja rangar eða villandi færslur í bókhaldi eða skjöl sem ætluð eru til að leyna því að eignirnar vantar eða að þær hafi verið veðsettar án heimildar. (ISA 240.A5)

### **Villa**

Villa er óviljandi rangfærsla í ársreikningi, þar á meðal að upplýsingum um fjárhæð eða skýringu er sleppt.

Villur vegna fyrri tímabila eru upplýsingar sem sleppt er eða rangfærslur í ársreikningnum fyrir eitt eða fleiri tímabil, sem verða vegna þess að áreiðanlegar upplýsingar eru ekki notaðar eða notaðar rangt og sem:

- a) voru til staðar þegar ársreikningar fyrir þessi tímabil voru samþykktir og
- b) sem með sanngjörnum hætti var hægt að ætlast til að yrði aflað og tekið tillit til við gerð og framsetningu þeirra ársreikninga.

Slíkar villur eru meðal annars áhrif mistaka í útreikningum, mistaka við beitingu reikningsskilareglna, yfirsjóna eða mistúlkana staðreynda og sviksemi.

### **Stjórnendur**

Í bréfi þessu ber að skilja orðið „stjórnendur“ sem „stjórnendur og þá sem veittar hafa verið stjórnunarheimildir, þar sem það á við“.

### **Tengdur aðili og viðskipti tengdra aðila**

#### **Tengdur aðili**

Aðili er tengdur aðili ef um er að ræða einstakling eða lögaðila sem er tengdur þeirri einingu sem gerir ársreikning sinn (vísað til í IAS 24 *Related Party Disclosures* sem “reporting entity”).

- a) Einstaklingur eða einhver af nánustu skyldmönnum hans er tengdur aðili ef sá einstaklingur:
  - i) hefur yfirráð eða sameiginleg yfirráð yfir einingunni,
  - ii) hefur veruleg áhrif á eininguna eða
  - iii) er einn af lykilstarfsmönnum yfirstjórnar einingarinnar eða móðurfélags hennar.
- b) Eining er tengd þeirri einingu sem gerir ársreikninginn ef einhver af eftirfarandi skilyrðum eiga við:
  - i) Einingarnar eru hluti af sömu samstæðu (sem þýðir að sérhvert móðurfélag, dótturfélag og systurfélag er tengt hinum einingunum).

- ii) Önnur einingin er hlutdeildarfélag eða samrekstrarfélag hinnar einingarinnar (eða hlutdeildarfélag eða samrekstrarfélag einingar sem er í sömu samstæðu og hitt félagið).
- iii) Báðar einingar eru samrekstrarfélög sama þriðja aðila.
- iv) Önnur einingin er samrekstrarfélag þriðja aðila og hin einingin er hlutdeildarfélag sama þriðja aðila.
- v) Einingin er eftirlaunasjóður starfsmanna viðkomandi félags eða félags sem er tengt viðkomandi félagi.
- vi) Einingin er undir yfirráðum eða sameiginlegum yfirráðum einstaklings sem fellur undir (a).
- vii) Einstaklingur sem fellur undir (a)(i) hefur veruleg áhrif á eininguna eða er einn af lykilstarfsmönnum yfirstjórnar einingarinnar (eða móðurfélags hennar).
- viii) Einingin eða annar aðili innan hóps sem einingin tilheyrir veitir þjónustu vegna lykilstarfsmanna einingarinnar eða móðurfélags einingarinnar.

**Viðskipti tengdra aðila** - Flutningur verðmæta, þjónustu eða skuldbindinga milli tengdra aðila, án tillits til þess hvort slík viðskipti séu gegn endurgjaldi.



